

8. gr.

32

Nú fær varðskip laun fyrir björgun, og greiðast þá fyrst af björgunarlaununum öll útgjöld vegna björgunar, önnur en venjulegur rekstrarkostnaður varðskipsins, en af afganginum falla 25% til skipshafnar varðskipsins, og skiptist féð milli skipverja í réttu hlutfalli við mánaðartekjur hvers þeirra. Þó skal greiða ákveðna upphæð af hluta skipshafnar, að dómi skipstjóra, til þeirra manna, er mest hafa lagt sig í hættu við björgunina, áður en skipti fara fram. Að öðru leyti renna björgunarlaun í landhelgisjóð.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 63 7. maí 1928 og lög nr. 38 23. júní 1932, svo og önnur eldri lög og fyrirmæli, er kunna að fara í bága við ákvæði þessara laga, þar með talin skipunarbréf, er byggjast á ákvæðum þeirra.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1935.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 9. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

Á F E N G I S L Ö G

33

9. jan.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Áfengi telst samkvæmt lögum þessum hver sá vökvi, sem meira er í en 2¼% af vínanda að rúmmáli. Duft, kökur og annað, er þau efni eru í, sem sundur má leysa í vökva og hafa nefndan áfengisstyrkleika, skal fara með sem áfengan drykk.

II. KAFLI

Innflutningur áfengis.

2. gr.

Ríkisstjórninni einni er heimilt að flytja hingað til lands áfenga drykki eða áfengisvökva, hverju nafni sem nefnist. Áfengisverzlun ríkisins annast innflutninginn. Þó skal óheimilt að flytja til landsins öl, sem hefir inni að halda meira en $2\frac{1}{4}\%$ af vinanda að rúmmáli.

3. gr.

Nú kemur skip frá útlöndum, og er skipstjóra þá skylt að tilkynna löggæzlumanni þegar í stað, eða um leið og hann sýnir skipsskjölin, hvort nokkurt áfengi sé í skipinu og hve mikið.

Nú hefir skipið áfengi frá útlöndum, sem ekki er flutt inn samkvæmt heimild í 2. gr., og skal þá löggæzlumaður á hinni fyrstu höfn, er skipið kemur til, setja embættisinnsgli sitt fyrir hið aðflutta áfengi, og ábyrgist skipstjóri, að engu áfengi sé skotið undan innsiglan og að innsigli séu ekki brotin eða af áfenginu tekið fyrr en skipið er alfarið frá landinu, enda gangi löggæzlumaður úr skugga um það, áður en skip lætur úr síðustu höfn, að innsiglin séu heil og ekkert hafi verið tekið af áfenginu. Þó má skipið hafa hæfilegan skipsforða af áfengi óinnsiglaðan til neyzlu handa skipverjum. En aldrei má gefa öðrum né selja af þeim forða.

Skrá yfir innsiglað áfengi og óinnsiglaðan skipsforða áfengis skal fylgja skipinu og samrit af skránni liggja hjá þeim, er innsiglaði.

Dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð, hvað teijast skuli hæfilegur skipsforði af vínun, svo og um varnir gegn misnotkun hans.

Löggæzlumaður skal jafnan rannsaka á fyrstu höfn, hvort áfengi er í skipi, hvort heldur skipið er islenzkt eða erlent. Hefir hann vald til þess að opna hirzluur skipverja og farþega og rannsaka aðra staði í skipinu, til þess að ganga úr skugga um, hvort áfengi sé þar.

Skipstjóri ber ábyrgð á brotum skipverja gegn þessari grein, en farþegar á farangri sínum.

Fyrirmæli þessarar greinar ná ekki til herskipa eða skemmtiferðaskipa.

4. gr.

Strandi skip hér við land og hafi meðferðis áfengi, eða berist þvílíkt vogrek á land, skal hreppstjóri í forföllum lögreglustjóra þá þegar taka áfengisilátin til varðveislu og innsigla þau. Hann segir lögreglustjóra tafarlaust til áfengisins, og kemur lögreglustjóri því til geymslu á óhultum stað.

Sé eigandi kunnur, skal tilkynna honum með fyrstu ferð um björgun áfengisins, ella skal auglýsa það eftir reglum um vogrek. Kjósi eigandi innan 12 mánaða frá tilkynningu að áfengið sé sent úr landi á hans kostnað eða selt

Áfengisverzlun ríkisins fyrir það verð, er hún kann að bjóða, skal það gert, ella sé það eign ríkissjóðs. Sama er og ef eigandi gefur sig fram samkvæmt auglýsingu innan 6 mánaða frá birtingu hennar, og skal þá telja 12 mánaða frestinn frá því, að hann segir til sín. **33**
9. jan.

Gefi enginn eigandi sig fram áður en hinn lögskipaði auglýsingafrestur er útrunninn, skal áfengið eign ríkissjóðs.

5. gr.

Enginn má taka við neinskonar ólöglega aðfluttu áfengi úr skipi hér við land eða í íslenskri landhelgi né heldur taka við áfengi á floti, hvort sem hann gerir það endurgjaldslaust eða gegn endurgjaldi.

Landhelgi telst samkvæmt þessum lögum 4 sjómíli á haf út frá stórstraumsfjöruborði, og sé talið frá yztu skerjum og hólmum, er upp úr sjó koma, enda teljast firðir og vikur í landhelgi allt það, sem landmegin verður innan við beina línu, er dregin sé þar milli nesja, sem næst fjarðarmynni verða 12 sjómíli, og 4 sjómíli til hafs frá þeirri línu.

III. KAFLI

Tilbúningur áfengis.

6. gr.

Bannað er að brugga á Íslandi eða búa til áfenga drykki eða áfengisvökva og gera drykkhæft það áfengi, sem er eða gert hefir verið óhæft til drykkjar.

7. gr.

Upptæk skal gera og ónýta öll áhöld, sem nota á eða hafa verið notuð við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja eða til þess að gera drykkhæft það áfengi, sem ódrykkhæft var. Áfengi það, sem búið hefir verið til eða aftur gert drykkhæft, skal og upptækt ásamt ílátunum. Andvirðið rennur í Menningarsjóð.

IV. KAFLI

Sala og veitingar áfengis.

8. gr.

Áfengisverzlun ríkisins annast sölu áfengis þess, sem ríkið flytur inn samkvæmt 2. gr. Ríkisstjórnin ákveður álagningu með hliðsjón af áfengisstyrkleika og innkaupsverði. Álagning á vín þau, er um ræðir í lögum nr. 3 4. apríl 1923, verður að vera innan þeirra takmarka, er þau lög setja.

33

9. jan.

9. gr.

Auk áfengis þess, sem um ræðir í lögum nr. 3 4. apríl 1923, er Áfengisverzlun ríkisins heimilt að selja annað áfengi á núverandi útsölustöðum í kaupstöðum landsins.

Ríkisstjórninni er og heimilt að setja á stofn nýja útsölastaði áfengis, en þó aðeins í kaupstöðum og kauptúnum. Áður en útsala er sett á stofn skal fara fram atkvæðagreiðsla kosningabærra manna í því sýslu- eða bæjarfélagi, sem í hlut á, og þarf $\frac{2}{3}$ hluta greiddra atkvæða til þess að útsala sé leyfð.

Nú hefir verið fellt með atkvæðagreiðslu að stofna útsölu samkvæmt framansögðu, og getur atkvæðagreiðsla þá ekki farið fram á ný fyrr en að tveimur árum liðnum.

10. gr.

Heimild til að selja aftur áfengi, er keypt hefir verið af Áfengisverzlun ríkisins eða útsöllum hennar, hafa þeir einir, er hér greinir:

1. Lyfsalar og lækna, sem rétt hafa til lyfjasölu, þó eingöngu þau vín, sem talin eru í lyfjaskrá, og aðeins til lyfja. Smáskammtalæknum, sem lækningaleyfi hafa samkvæmt lögum, er og heimilt að selja smáskammtalyf með vínanda í, enda fylgi pöntun þeirra meðmæli hlutaðeigandi lögreglustjóra og landlæknis.

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um áfengislyfjasölu lyfsala og lækna, sem rétt hafa til lyfjasölu, og skal meðal annars ákveða, hve mikið áfengi megi á hverju ári eða um ákveðið tímabil láta af hendi til hverrar lyfjabúðar (lyfsala eða læknis). Í reglugerðinni skal greina á milli áfengislyfja, sem hæf eru til nautnar, og áfengislyfja, sem óhæf eru til nautnar. Enginn lyfsali má láta úti áfengislyf, sem hæft er til nautnar, nema eftir löglegum lyfseðli læknis. Enginn læknir má ávísá úr lyfjabúð áfengislyfi, sem hæft er til nautnar, nema hann hafi fengið til þess sérstakt leyfi ráðherra, er ákveður, að fengnum tillögum landlæknis, hversu miklu áfengi viðkomandi læknir megi ávísá á ári, eða um ákveðið tímabil, og á hvern hátt. Landlæknir lætur lækni, sem sérstakt leyfi hefir fengið til áfengislyfjaávísana, í té hæfilega mörg eyðublöð undir slíkar ávísanir.

2. Veitingastaðir þeir, sem rétt hafa til veitingar áfengra drykkja, þó aðeins til neyzlu á staðnum og með þeim takmörkunum, er veitingaleyfið og reglugerð ákveður.
3. Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu vínanda til eldsneytis, er gerður hefir verið óhæfur til drykkjar, svo og um vínanda til iðnþarfa, efnarannsóknna, náttúrugripasafna og annara verklegra nota.

11. gr.

Dómsmálaráðherra hefir heimild til að leyfa einu veitingahúsi í Reykjavík veitingaleyfi á áfengum drykkjum, sem til landsins er heimilt að flytja.

Í veitingaleyfi eða reglugerð skal ákveða skilyrði fyrir veitingasöluinni, þar á meðal um veitingatíma.

12. gr.

33

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu og veitingar vína samkvæmt þessum kafla. Ákveðið skal meðal annars í reglugerðinni:

- a. að áfengissölubúðir skuli lokaðar frá hádegi á laugardögum og aðfangadögum stórhátíða til kl. 9 að morgni næsta virkan dag,
- b. að lögreglustjórum skuli heimilt að loka útsölu eða veitingastað fyrirvara-laust um einn eða fleiri daga, þegar þeim virðist ástæða til,
- c. að sölulaun áfengis í útsölum og veitingastað megi aldrei fara fram úr ákveðnu hundraðsgjaldi, mismunandi fyrir útsölur og veitingastað.
- d. að áfengisverzlun ríkisins og útsölustöðum hennar skuli óheimilt að afhenda áfengi nema gegn staðgreiðslu.

Heimilt er að ákveða í reglugerð hámark þess áfengis, sem áfengisverzlun og útsölur hennar mega afhenda einstaklingum (mánaðarskammt, ársskammt), svo og setja nánari reglur um meðferð áfengis.

Brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar varða refsingu samkvæmt lögum þessum.

V. KAFLI

Meðferð áfengis í landinu.

13. gr.

Áfengi má ekki afhenda né veita neinum, sem er bersýnilega ölvaður, og ekki heldur yngri mönnum en 21 árs. Einnig er bannað að selja þeim manni áfengi, er sekur hefir gerzt um óleyfilega sölu eða bruggun áfengis.

Áfengisauglýsingar eru bannaðar.

14. gr.

Allt það áfengi, sem Áfengisverzlunin lætur af hendi, skal merkt innsigli hennar. Finnist ólöglegt áfengi í vörzlum manns, skal honum skylt að færa sönnur á, hvornig hann hafi fengið það. Geri hann það ekki, skal hann sæta sektum samkvæmt 27. gr., ef ætla má að áfengið sé innflutt, en ella eftir 30. gr.

15. gr.

Með þeirri undantekningu, sem í 9. og 10. gr. segir, skal öllum óheimilt að veita, selja eða láta af hendi áfengi til annara manna gegn því, að gjald eða annað verðmæti komi fyrir.

16. gr.

Láti nokkur viðgangast ólöglegan tilbúning áfengis, ólöglega sölu eða geymslu þess í húsum sínum eða á landi sínu, skal hann sekur samkv. 36. gr. Sama refsing liggur við, ef skip, bátar eða flutningatæki eru með vitund og vilja eigandans notuð til geymslu, flutnings eða sölu ólöglegs áfengis.

33 9. jan. Mennt með lögregluvaldi, þar á meðal lögregluþjónar, hreppstjórar eða sérstakir löggæzlumenn, hafa vald til að hefja lögreglurannsókn, hver í sínu umdæmi, gegn þeim, sem staðnir eru að brotum á þessum lögum eða grunaðir um brot. Þeir hafa og vald til þess að rannsaka flutningatæki, svo sem skip, báta, bifreiðar, vagna o. s. frv., og stöðva þau á meðan á rannsókn stendur. Skyldir eru þeir að senda viðkomandi dómara þegar í stað skýrslu um rannsóknina og staðfest eftirrit af prófum, ef fram hafa farið, en dómarrinn tekur málið til frekari meðferðar.

17. gr.

Bannað er að neyta áfengis í veitingastofum, veitingatjöldum eða öðrum stöðum, þar sem veitingar fara fram, sbr. þó 10. og 11. gr.

Ekkert félag manna má hafa um hönd í félagsskap áfengisveitingar né heldur má áfengisnautn fara fram í félagsherbergjum, hvort sem þau eru í húsi félagsins eða annara, nema leyfi lögreglustjóra komi til.

VI. KAFLI

Ölvun.

18. gr.

Hver sá, sem sökum áberandi ölvunar veldur óspektum eða hneyksli á almannafæri, opinberum samkomum, í bifreiðum eða öðrum farartækjum eða skipum hér við land, skal sæta ábyrgð samkvæmt lögum þessum.

19. gr.

Hver sá embættismaður eða starfsmaður ríkisins eða opinberra stofnana, sem er ölvaður, þegar hann er að gegna embætti sínu eða starfi, skal sæta refsingu. Þriðja brot varðar frávikningu úr stöðunni um stundarsakir, eigi skemur en 3 mánuði, eða að fullu og öllu, ef miklar sakir eru. Sé um lækni að ræða, missir hann lækningaleyfi sitt ásamt embættinu.

Sömu refsingu skal hver sá lækni sæta, þótt hann sé ekki embættismaður, sem er ölvaður, þegar hann er að gegna læknisstörfum sínum, og kemur þá missir læknisleyfis um stundarsakir eða fyrir fullt og allt í stað embættis- eða sýslunarmissis.

20. gr.

Séu lyfsalar eða þjónar þeirra ölvaðir við störf sín, sæta þeir sömu refsingu og læknar.

21. gr.

Ef flugmenn, bifreiðarstjórar, skipstjórar, stýrimenn, bátaformenn eða vélstjórar eru undir áhrifum áfengis við flug, akstur, stjórn skips eða vélar, varðar það að jafnaði missi réttar til að stjórna flugvél, bifreið, skipi, bát eða vél

um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað. **33**

9. jan.

Sömu refsingu skulu framangreindir menn sæta, þótt annar hafi haft með höndum starf þeirra í farartækinu, ef þeir eru sjálfir í því og áttu að annast starfið, en hafa vanrækt það sökum ölvunar og verulegt slys hlotizt af því.

Það varðar refsingu að veita mönnum þeim, sem tilgreindir eru í fyrstu málsgr., áfengi, þegar þeir eru að störfum.

22. gr.

Leiki vafi á, hvort sakborningur samkv. þessum kafla sé undir áhrifum áfengis, skal bæði dómara og sakborning heimilt að láta skera úr því með blóðrannsókn, sem læknir eða annar kunnátumaður framkvæmir.

VII. KAFLI

Áfengisvarnir.

23. gr.

Ráðherra skal með reglugerð setja ákvæði um fræðslu í öllum skólum, er opinbers styrks njóta, um skaðleg áhrif áfengisnautnar.

24. gr.

Ríkisstjórnin skipar sér til aðstoðar ráðunaut í áfengismálum. Skal hann skipaður að fengnum tillögum frá stjórnnum þeirra bindindisfélaga, sem styrks njóta af opinberu fé til bindindisstarfsemi.

25. gr.

Áfengisvarnarnefndir skulu vera í öllum hreppum og kaupstöðum landsins, þriggja manna í hreppum, 7 manna í kaupstöðum, öðrum en Reykjavík, þar sem nefndin skal skipuð 9 mönnum. Ráðherra skipar formenn nefndanna, en að öðru leyti skulu nefndarmenn kosnir af hlutaðeigandi hreppsnefndum og bæjarstjórnnum, með hlutfallskosningu. Kjörtími nefndarmanna er 4 ár í senn. Nefndarstarfið er ólaunað, en borgaraleg skylda að taka við kosningu yfir eitt kjörtímabil.

Verksvið nefndarinnar skal ákveðið með reglugerð, sem ráðherra gefur út að fengnum tillögum áfengismálaráðunautar.

26. gr.

Ríkisstjórnin skal láta auglýsa, á skipum, sem annast farþegaflutning með ströndum landsins, á veitingahúsum, pósthúsum og símastöðvum og öðrum þeim stöðum, sem þurfa þykir, útdrátt úr lögum þessum.

VIII. KAFLI
Refsiákvæði.

27. gr.

Fyrir brot gegn 2. gr. skal refsa þannig:

1. Ef áfengi er flutt inn í því skyni að selja það eða veita fyrir borgun, þá varðar það sektum:

Fyrsta sinni kr. 1000— 5000

Öðru sinni — 2000—10000

Þriðja sinni — 4000—20000

Auk þess greiðist í sekt 40 kr. á hvern litra þess áfengis, sem innflutt er.

Sé um verulegt brot að ræða, má ennfremur dæma sökunaut í fangelsi, og skal það jafnan gert, þegar um margítrekað brot er að ræða.

Skip skal ávallt vera að veði til tryggingar greiðslu á sektum og málskostnaði, og má kyrrsetja það og selja, að undangengnu fjárnámi, til lúkn-ingar hvorutveggja.

Flytji skip hingað ólöglega áfengi, svo að telja megi það verulegan hluta af farmi þess, skal skipið gert upptækt með dómi handa rikissjóði.

Brot gegn 2. gr. telst fullframið, þegar áfengi það, sem til sölu eða veit-inga er ætlað, er flutt inn í landhelgi.

2. Nú þykir eigi sannað, að áfengið sé flutt inn til sölu eða veitinga fyrir borg-un, svo og þegar skipstjóri ber ábyrgð á broti skipverja, en er ekki við það riðinn að öðru leyti, þá varðar það sektum frá 100—3000 krónum. Auk þess greiðist í sekt 40 kr. á hvern litra þess áfengis, sem innflutt er.

Jafnan skal hið ólöglega aðflutta áfengi verða eign rikissjóðs.

28. gr.

Skýri skipstjóri lögreglustjóra, hreppstjóra eða sérstökum löggæzlumanni rangt frá um áfengi það, er hann hefir meðferðis, eða dragi að skýra frá áfeng-ishirgðum samkvæmt 2. gr., skal hann sekur um 500—5000 kr., liggi ekki þyngri refsing við broti hans samkvæmt öðrum lagaákvæðum. Skip er að veði fyrir sektum og málskostnaði, eins og segir í 27. gr. 1., þriðju málsg. r.

Áfengi það skal gert upptækt, sem skotið var undan innsiglan eða vanrækt að skýra frá.

29. gr.

Brot gegn fyrri málsgrein 5. gr. varða refsingu samkvæmt 27. gr.

30. gr.

Brot gegn 6. gr. varða sektum, 500—5000 kr., og skal sökunautur enn-fremur sæta fangelsi, ef áfengið hefir verið ætlað til sölu eða veitinga fyrir borg-un og brot er ítrekað, eða miklar sakir eru að öðru leyti.

31. gr.

Misbeiti læknir lækningaleyfi sínu til þess að útvega mönnum áfengi til neyzlu, með því að láta af hendi áfengi eða áfeng lyf eða lyfseðil á áfengi án þess að áfengið sé nauðsynlegt til lækninga, skal hann við fyrsta brot sæta sektum, 200—2000 kr. Ítrekað brot varðar sektum 400—5000 kr.

Sama gildir um lyfsala og þjóna þeirra, ef þeir misnota aðstöðu sína til þess að selja mönnum áfengi til neyzlu.

Sé brot margítrekað, eða að öðru leyti stórfellt, skal auk sektar svipta söku-naut leyfi til þess að láta af hendi áfengi eða áfengisblöndur eða gefa út áfengis-seðla. Lágmark leyfissviptingarinnar skal vera 2 ár. Sé brot svo vaxið, að það falli undir ákvæði 33. gr. 2. málsgr., skal beita refsingu samkvæmt þeirri grein.

32. gr.

Misnoti veitingamaður, sem leyfi hefir til áfengisveitinga, leyfi sitt með því að veita áfengi á öðrum tímum eða á annan hátt en honum er heimilt, eða aðrar vintegundir, svo og með því að selja áfengi án þess að neytt sé á staðnum, varðar það refsingu samkvæmt 33. gr. og leyfissviptingu samkvæmt 34. gr.

33. gr.

Brot gegn ákvæðum 15. gr. varða sektum, 200—2000 krónum. Sé brotið ítrekað, varðar það sektum frá 400—5000 krónum.

Brjótí nokkur oftár ákvæði þessarar greinar eða geri sér að atvinnu sölu eða veitingar áfengra drykkja, varðar það, auk sektar, fangelsi allt að 3 mánuðum.

34. gr.

Verði maður, sem leyfi hefir til veitingasölu eða gistihúshalds samkvæmt lögum nr. 21 15. júní 1926, sekur um brot á ákvæðum 15. gr., varðar það refsingu samkvæmt 33. gr. Hafi brotið átt sér stað í sambandi við atvinnurekstur hans, skal hann auk refsingarinnar sviptur veitingaleyfi, í fyrsta sinn ekki skemur en einn mánuð, í annað sinn ekki skemur en 3 mánuði og í þriðja sinn að fullu og öllu.

Þjónustumenn sæta sektum, 50—1000 krónum.

35. gr.

Brot gegn ákvæðum 13. gr. varða sektum frá 25—500 krónum.

36. gr.

Brot gegn 16. gr. varða sektum 50—2000 kr. og ítrekað brot 100—4000 kr. Fjárnám fyrir sektum og kostnaði skal gera í bátum og flutningatækjum, sem notuð eru til ólöglegs áfengisflutnings.

37. gr.

Brjótí nokkur ákvæði 17. gr. 1. málsgr., varðar það veitingasala, ef það er með vitund hans, 50—1000 kr. sekt og neytanda 25—500 kr. sekt. Þriðja brot varðar veitingasala missi veitingaleyfis.

Brot gegn 2. málsgr. 17. gr. varðar félagsstjórn, þjónustumenn og neytendur 50—2000 kr. sektum.

33

9. jan.

33

9. jan.

38. gr.
Brot gegn 18. gr. varða sektum frá 25—500 kr., nema þyngri refsing liggvi við að öðrum lögum.

39. gr.

Brot gegn 19.—21. gr. varða sektum: Fyrsta sinn 100—500 kr. Öðru sinni 200—1000 kr. Auk sektanna kemur stöðu- og réttindamissir, svo sem í þeim greinum segir.

40. gr.

Sá, sem kemur því til leiðar með fortölum eða fjárframlögum, heitum, hótunum eða ráðum sínum, að 2., 5. gr. 1. málsg. eða 6. gr. þessara laga verði brotin, veitir til þess aðstoð í orði eða verki, tekur þátt í gróða af þeim brotum eða aðstoðar aðra til þess að halda þeim gróða, skal, þótt hann verði ekki talinn aðalmaður í verknaðinum, sæta sektum 50—4000 kr.

IX. KAFLI

Ýms ákvæði.

41. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna allar í Menningarsjóð.

Gera skal aðför hjá hinum seku til lúkningar sektum samkvæmt lögum þessum, og því aðeins skulu þeir afplána sektir í fangelsi, að fé þeirra hrökkvi ekki fyrir þeim.

42. gr.

Vinnuskylda má vera samfara afplánun sekta samkvæmt lögum þessum.

43. gr.

Fara skal með mál út af brotum á lögum þessum og reglum sem almenn lög-reglumál.

44. gr.

Lög þessi skal prenta á íslenzku, dönsku, þýzku, ensku og frönsku, og svo mörg eintök, að nægi til að senda umboðsmönnum ríkisins í öðrum löndum.

45. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 64 19. maí 1930, og öll þau lagaákvæði, er koma í bág við þessi lög.

46. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. febrúar 1935.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amalíuborg, 9. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.